

ar fyrir lækningarkostnað virðist mega ákveða 10 kr., en málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkist. Ákærða ber og að greiða allan af áfryjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Ákærði Ole Björstad sæti 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði Þorsteini Guðmunds-
syni 10 kr. í lækningarkostnað. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan af áfryjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmdar skaðabætur greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 18/1907;

Emil Strand
gegn

Sigurði Jónssyni fyrir
hönd Konow & Co.

D ó m u r :

Í máli þessu lögsótti í héraði cand. phil. Sigurður Jónsson á Ísafirði fyrir hönd Konow & Co. í Bergen

áfrýjandanum Emil Strand & Co. til greiðslu á skuld, er verzlunarfélagið Konow & Co. taldi til hjá félaginu Emil Strand & Co. að upphæð 2483 kr. 10 aur., og var málið dæmt í aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar 15. nóv. f. á. þannig, að Emil Strand & Co. var dæmdur til að greiða stefnda hina umstefndu skuld alla ásamt 6⁰/₁₀ ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 15 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Emil Strand kaupmaður áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 20. apríl þ. á., og krafist þess, að dómurinn verði ómerkur og stefndi dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi. Af hálfu stefnda hefir þess verið krafist, að málinu verði vísað frá yfirdómi, en til vara, að dómurinn verði staðfestur, og hvernig sem málið fer, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi hefir krafist frávísunar málsins frá yfirdómi fyrir þá sök, að niðurlag hins áfrýjaða dóms er ekki alveg orðrétt ritað inn í áfrýjunarstefnuna; en með því að hér er aðeins um óverulega ritvillu að ræða og málið er nægilega auðkent í stefnunni, eins og hún er, þá verður þessi frávísunarkrafa eigi tekin til greina.

Krafa áfrýjanda er sú, að dómurinn verði ómerkur, og byggir hann þá kröfu á því, að undirdómurinn hafi dæmt málið án þess að hafa haft skjöl þess fyrir sér, og því hvorki getað gætt þess, að sáttalöggjöfinni hafi verið fullnægt, né aflað sér nokkurrar hugmyndar um málefnið sjálft.

Stefndi (stefnandi í héraði) lagði málið í dóm hinn

fyrsta réttardag samkvæmt stefnunni og sáttakærunni og reikningi frá Konow & Co. til áfrýjanda, er hann lagði þá fram. Fékk þá áfrýjandi skjölin léð, en mætti hvorki sjálfur næst, er málið var tekið fyrir, né skilaði skjölum málsins. Endurtók þá stefnandi og lét bóka kröfur sínar í stefnunni og krafðist dóms samkvæmt þeim fyrir skuldinni, kr. 2483,10 + 6⁰/₁₀ vöxtum frá sáttakæruðegi, »sem er 1. júní síðastl.« (s: 1906) og málskostnaðar eftir mati réttarins, og var málið síðan dæmt mánuði síðar svo, að dómariinn tók kröfurnar til greina.

Það verður eigi séð, að dómariinn hafi beitt í þessu tilliti neinni ólöglegri aðferð, er varðað geti ómerking málsins. Dómariinn hafði þegar við útgáfu stefnunnar haft tækifæri til að gæta þess, að málið hefði verið lagt til sátta, sbr. 3. gr. tilsk. 15. ágúst 1832, og þar sem áfrýjandi mætti eigi, er frestur sá var útrunninn, er honum hafði veittur verið, né heldur innan þess tíma, er hann gat fengið málið upp tekið af nýju, og var þó forfallalaus að því er ætla varð, mátti hann kenna sjálfum sér, að engar varnir komu fram fyrir málstað hans. Og þar sem hann ennfremur hafði eigi skilað aftur skjölum málsins, varð dómariinn að byggja á skýrslu stefnanda um innihald þeirra, enda hefir sú skýrsla og reynst rétt, eftir að skjölin síðar komu fram til innfærslu í dómsgjörðirnar. Það verður því eigi tekin til greina krafa áfrýjanda um ómerking hins áfrýjaða dóms, og með því að enginn önnur krafa er fram komin frá áfrýjanda hálfu, ber að staðfesta dóminn að öllu leyti, einnig málskostnaðarákvæði hans. Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega ákveðinn 30 kr.

Þvi dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Emil Strand kaupmaður greiði stefnda cand. phil. Sigurði Jónssyni fyrir hönd Konows & Co. í Bergen í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. dag. nóvembermánaðar.

No. 33/1907:

Kolbeinn Árnason og
Ásgeir Pétursson
gegn
Ásgeiri Sigurðssyni.

Dómur:

Félagskaupmennirnir Kolbeinn Árnason og Ásgeir Pétursson á Akureyri höfðuð mál þetta fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn stefnda Ásgeiri kaupmanni Sigurðssyni í Reykjavík til greiðslu á eftirstöðvum að upphæð 785 kr. 02 aur., er þeir töldu sig eiga hjá honum af borgun fyrir verkaðan saltfisk, er þeir útveguðu honum árið 1902, en málið var dæmt í nefndum rétti 29. nóvbr. f. á. með þeim úrslitum, að stefndi skyldi að eins greiða þeim af kröfu þeirra 53 kr. 31 eyri með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og skyldi málskostnaður niður falla.

Dómi þessum hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu útgefni 17. ág. þ. á., og hafa þeir